

Skipulags- og umhverfisfulltrúi
Hvalfjarðarsveit
Innrimel 3, Melahverfi
301 Akranes



Reykjavík 31.október 2016
UST201607-152/K.S.J.
10.04.03

Efni: Tillaga að deiliskipulagi hótels Hafnarfjalls í Hvalfjarðarsveit

Umsögn Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi hótels Hafnarfjalls í Hvalfjarðarsveit dagsett 26.08.2016.

Skipulagssvæðið

Í greinargerð kemur fram að skipulagssvæðið er vestan Vesturlandsvegur, hallar til sjávar og að á svæðinu eru nú hótélbygging. Einnig kemur fram að fyrirhuguð er stækkun hótélbyggingar, bygging smáhýsa ásamt gerð tjaldsvæðis og þjónustuhúsa fyrir ferðamenn. Einnig er gert ráð fyrir starfsmannaíbúðum. Í umfjöllun um forsendur kemur fram að lóðarstærð er alls 9,54 ha.

Framkvæmdir

Í umfjöllun um uppbyggingu kemur fram að áætlað er að stækka núverandi hótél í 40 herbergja hótél og að mögulega stækka hótélið um 20 herbergi síðar. Að mati Umhverfisstofnunar ætti að koma fram áætluð stærð hótelsins eftir stækkun. Stærð núverandi hótels er gefið upp í fermetrum þ.e. rúmir 500m², en ekki kemur fram hve mörg herbergi eru á hótelinu.

Markmið

Umhverfisstofnun tekur undir það markmið að svæðið haldi sterkum einkennum sínum sem náttúrulegur birkiskógur og að byggingum verði komið fyrir á gróðurlitlum svæðum svo skógsvæði verði skert sem minnst.

Tjaldsvæði


Á uppdraetti kemur fram að tjaldsvæði er áætlað við fjöruna. Einnig kemur fram að bílastæði er áætlað við byggingarreit við þjónustuhús. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að afmörkuð verði bílastæði fyrir tjaldsvæði svo bílar leggi ekki alveg við fjöruna. Að mati stofnunarinnar gætu bílar alveg við fjöru komið í veg fyrir að fólk komist um fjöruna við tjaldsvæðið.


Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera í samræmi við reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999.

Umhverfisstofnun minnir á umfjöllun sína um mikilvægi erfðaauðlindar birkis í Hafnarskógi í fyrri umsögn um stækkun hótels Hafnarfjalls.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur